



# Karellen

## Leikskólakerfið - gjaldakerfi

# Um Karellen

Karellen byggir á eldra kerfi sem er 16 ára gamalt og hefur verið í notkunn hjá mörgum sveitafélögum um áraraðir. Kerfið er hýst og hannað hjá Premis og er þar í öruggri afritun og vottuðum hýsingum.

Karellen kerfið byggir á þremur einingum Grunnkerfið, Innskáningskerfið og Gjaldakerfið. Hægt er að bæta einni einingu við kerfið í einu eða kaupa allar saman.

Kerfið er einnig byggt upp á aðgangsstýringum og mismunandi sýn inn í kerfið. **Sveitarstjórnarsýn**- þar sem sveitastjórnin getur verið með fullkomna yfirsýn yfir alla leikskóla innan þess sveitafélags.

**Rekstaráðilasýn**- þar sem rekstaráðilar geta verið með fullkomna yfirsýn yfir alla leikskóla þess rekstarfélags sama hvar þeir eru á landinu.

**Leikskólastjórasýn**- þar sem leikskólastjóri getur verið með fullkomna yfirsýn yfir sinn leikskóla og öllu sem að honum snýr. Leikskólastjórinn sér einnig um að gefa starfsfólki sínu aðgang eftir því hvaða upplýsingar eru ætlaðar hvaða starfsmanni.

**Starfsmannasýn**- sem hægt að skipta upp eftir því um hvern ræðir.

**Foreldrasýn**- foreldrar hafa aðgang að vissum upplýsingum í Karellen kerfinu sem og í Appinu sem gefur þeim fullkomna sýn yfir dag barnsins síns í leikskólanum.

## Gjaldakerfi:

Hægt er að fá viðbótareiningu við grunnkerfi til að halda utan um innheimtu dvalargjalda. Einingin byggir á mánaðarlegri skilagreini fyrir sveitarfélög / rekstraraðila þar sem dvalargjöld og leiðréttingar eru send sem gögn í Navision og fleiri slík bókhaldskerfi. Í gjaldakerfinu er sérstökum áherslum sveitarfélaga í gjaldaútreikningi mætt með reiknireglum fyrir ólíkar tegundir dvalargjalda. Dvalargjöldum er stjórnað miðlægt í kerfinu og geta sveitarfélög því breytt gjaldaforsendum fyrir alla skóla óháð því hver er rekstraraðili skólans.

- Miðlæg uppsetning dvalargjalda
- Skilagreinar fyrir bókhaldskerfi
- Þægilegt yfirlit yfir innheimtu hvers mánaðar
- Sundurliðaðar upplýsingar um tegundir gjalda

Leikskólastjóri setur inn gjaldapakka sem á við hjá hverju barni sbr. gjaldskrá sveitarfélags. Gjaldakerfið les saman við grunnkerfið upplýsingar um viðveru og máltíðir barna.

Leikskólastjórar geta leiðrétt gjöld í kerfinu og er miðað við dvalartíma og máltíðir. Ef um aukagjöld er að ræða í viðkomandi sveitarfélagi eru þau sett upp sérstaklega.

Brugðist er við ólíkum reiknireglum sveitarfélaga, eins og 9 tími dýrari, eða aðrar reglur sem notaðar eru við útreikning dvalargjalda innan sveitafélaga.

- Yfirsýn á gjaldasögu barnsins er alltaf aðgengileg
- Yfirsýn yfir allar breytingar á innheimtu



